

STJÓRN MÁLAÁLYKTUN AÐALFUNDAR ÍSLANDSHREYFINGARINNAR 14. ÁGÚST 2008.

Aðalfundur Íslandshreyfingarinnar, lifandi lands, haldinn 14. ágúst 2008, bendir íslensku umhverfisverndar- og náttúruverndarfólki á sérstöðu Íslandshreyfingarinnar sem eina stjórn málaflöksins sem hefur umhverfismál og náttúruvernd að meginsteffi stefnu sinnar og kennir sig hvorki við vinstri né hægri stefnu.

Á síðustu dögum og vikum hefur komið í ljós að stefna núverandi ríkisstjórnar er hin sama og fyrri ríkisstjórnar, að á Íslandi rísi að minnsta kosti tvö ný risaálver sem allra fyrst.

Með því eru svikin kosningaloforð, sem gefin voru, um hlé á stóriðjuframkvæmdum.

Í staðinn er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að laða hingað þau stórfyrirtæki, sem þurfa mesta orku og valda mestri mengun og náttúruspjöllum.

Þessum stóriðjufyrirtækjum var á sínum tíma lofað lægsta orkuverði og því að þau þyrftu ekki að hafa áhyggjur af umhverfismati, - það yrði sveigjanlegt.

Stór álver valda miklum umhverfisspjöllum vegna þess hve mikla orku þau þurfa og hve margar og stórar virkjanir þarf fyrir hvert álver .

Betra væri ef í staðinn væri svarað eftirspurn minna mengandi fyrirtækja eins og gagnavera, sem vilja borga hærra orkuverð, nota minni orku fyrir hvert starf og sækjast eftir því að umhverfismálin séu í sem bestu lagi, - telja græna ímynd sína jafn mikils virði og allt annað virði fyrirtækjanna.

Tryggt þarf að vera að orkan, sem þessi fyrirtæki vilja kaupa, sé raunverulega endurnýjanleg en ekki því marki brennd að endast aðeins í nokkra áratugi eins og til dæmis jarðvarmaorkan á Hengils-Hellisheiðarsvæðinu.

Óverjandi er að afkomendum okkar sé ætlað að finna orku í staðinn fyrir þá sem við af skammsýni og græðgi ofnýtum svo að hún endist ekki til frambúðar.

Sjálfbær orkunýting er lágmarkskrafa á nýrri öld umhverfismálanna og af þessari ástæðu, auk annarra, sem tilgreindar voru í úrskurði Skipulagsstofnunar um Bitruvirkjun, telur Íslandshreyfingin þá virkjun ekki koma til mála.

Stjórn málaályktun - 2 -

Íslandshreyfingin bendir á orkuöflun fyrir álver í Helguvík mun leiða til þess að farið verði offari í virkjunum á Suðvesturlandi og að fyrirætlanir um stærra álver á Bakka þýði virkjanir sem eyðileggi einstæð náttúruverðmæti á heimsvísu við Leirhnjúk og í Gjástykki og kalli á virkjanir í Skjálfandafljóti og Jökulsánum í Skagafirði.

Íslandshreyfingin telur að hverfa eigi frá stóriðjustefnunni og varar við hættunni á því að örfáir aðilar, jafnvel erlendir, eignist auðlindir okkar og stór landsvæði.

Íslandshreyfingin leggst gegn áformum um að reisa olíuhreinsistöð í Hvestudal í Arnarfirði. Staðarvalið eitt gæti varla verið verra.

Fuglabjörgin þrjú á Vestfjörðum, Ketildallir við Arnarfjörð og Drangaskörð eru þau þrjú náttúrufyrirbæri á Vestfjörðum sem helst má kalla einstæð í okkar heimshluta og því fráleitt að velja olíuhreinsistöð stað í Ketildöllum.

Engin olíuhreinsistöð hefur verið byggð síðustu tuttugu ár vegna þess að enginn vill hafa slíka tifandi tímasprengju umhverfisslyss og ímyndarskaða í bakgarðinum hjá sér frekar heldur en úrvinnslustöð fyrir kjarnorkuúrgang.

Engri nágrannabjóð okkar hefur flogið í hug að leysa byggðavanda í dreifbýli með olíuhreinsistöð, ekki einu sinni olíubjóðinni Norðmönnum.

Íslandshreyfingin styður baráttu náttúruverndarsamtaka fyrir verndun og friðun Teigskógs við Þorskafjörð og telur hægt að bæta samgöngur þar án þess að valda viðlíka umhverfisspjöllum og vegarlagning í gegnum endilangan skóginn hefur í för með sér.

Íslandshreyfingin bendir á að stefnumál hennar varðandi eflingu vistvænni samgangna, auknar almenningssamgöngur og uppstokkun álaga ríkisins á samgöngutæki hafa hlotið aukið vægi síðustu mánuði vegna hækkaðs olíuverðs og vaxandi þarfar á að sporna við útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Íslandshreyfingin ítrekar stefnu sína í því efni að stuðla að vistvænni fiskveiðum og landbúnaði og styður viðleitni til að viðhalda menningarsögulegum húsum og mannvirkjum.

Stjórn málaályktun - 3 -

Íslandshreyfingin telur skorta á lýðræðisleg réttindi og jafnstöðu ólíkra skoðana og krefst úrbóta í þeim efnum.

Endurskoða þarf kosningalög og kjördæmaskipun til að tryggja jafnt vægi atkvæða og koma í veg fyrir að stórir hópar kjósenda séu sviptir þingfylgi í samræmi við kjörfylgi.

Fullgilda þarf svonefndan Árósasamning sem á að bæta aðstöðu einstaklinga og hópa til að koma skoðunum sínum á framfæri og fá aðild að mikilvægum ákvörðunum stjórnvalda. Ísland er eina landið í þessum heimshluta sem ekki hefur fullgilt samninginn, en grundvöllurinn að baki honum fólst upphaflega í því að auka rétt almennings í löndum Austur-Evrópu þar sem lýðræði hafði verið af skornum skammti, og stjórnvöld komist upp með slæmt ástand í umhverfismálum.

Það hlýtur að teljast Íslendingum til vansa að hafa ekki fullgilt þennan samning.

Íslandshreyfingin telur álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga álitshnekki fyrir Íslendinga og telur brýnt að gera breytingar og endurbætur á fiskveiðistjórnuninni.

Íslandshreyfingin varar við því að láta tímabundna erfiðleika í efnahagslífinu leiða þjóðina á braut örvæntingarfullra skammtímalausna sem bitna á afkomendum okkar.

Gagnsleysi álvera í atvinnumálum sést best á því að með fimm til sex rísaálverum sem krefðust allrar virkjanlegrar orku landsins yrðu störf í álverum aðeins 2% af vinnuafli landsmanna.

Aldrei hefur verið eins hart sótt að náttúruverðmætum landsins og nú.

Þau eru það dýrmætasta sem okkur hefur verið falið að varðveita fyrir afkomendur okkar og mannkyn allt. Í þeim felst þungamiðja heiðurs og ímyndar lands og þjóðar til framtíðar sem aftur skapar viðskiptavild sem meta má til mikils fjár.

Aldrei hefur verið eins mikil þörf og nú fyrir íslenskst stjórn málaafl sem hefur umhverfis- og náttúruverndarmál sem megininntak stefnu sinnar.

